

þeir hafa samsinnt meir sakir löghlýðnis en nokkurs annars. Þeir eru að upplagi frá náttúrunnar hendi frjálslynd þjóð, þótt fyrir ýmsar ytri kringumstæður hafi oft lítið á því boríð. Og það er þeirra barnatrú. Og svo er það líka að til er rétt og öfug lúterska, og lúterskan vor hér vestra er öfug. Eg segi það í heyranda hljóði, og það er það sem fjöldi fólks vors finnur strax og hingað kemur. Hún er orðin hjáráma við allar helstu lútersku kyrkjurnar í Norðurálfunni nema þær sem hafast við út á útkjálkum og í þekkingarlausustu sveitum Mið-Evrópu.

Að þetta sé ekki gripið úr lausu lofti, vitnum vér til stefnu kyrkjufélagsins sem heildar. Það fordæmir bíblúrannsóknirnar frá upphafi til enda og hefir marglýst því yfir (kyrkjunni á Íslandi dettur ekki í hug að gera slíkt). Það fordæmir alla vísindalega rannsókn og nokkrir prestanna setja sig aldrei úr færi að úthúða og draga dár að öllu sem er vísindalegt, og það þarf ekki annað en minna á heimsku þá sem kom í blöðunum hér í veturnar eftir Kr. Ólafsson um Darwinismus, og sem meira er, sem er samsinnt og ítrekuð á ný í þessum fyrirlestri.

Fleiri dæmi mætti tilfæra og koma þau í þessum fyrirlestri, en vér víkjum að þeim síðar. Hér er um öfugan protestantismus að ræða, og fólk finnur til þess. Íslendingar í heild sinni eiga ekki ákæruna skilið að þeir séu naumast kristnir að hálfu leyti.

Kristindómur er ekki bókstafstrú eða fastbundinn fjötur og form. Vér berum hér fyrir oss fyrirlesturs-höfundinn sjálfan í ádeiluriti sínu gagnvart séra Páli heitnum Þorlákssyni, er prentað var í Nýja Íslandi árið 1879 og nefndist „Nauðsynleg Hugveckja“. Þar andmælir hann séra Páli gífurlega og telur á hann og Norsk Luth. Synoduna mjög þungar sakir vegna asturhalds þeirra og íhaldsseimi við það sem hann kallar „hinngamla Lúterdóm“. Þar afneitar hann með öllu bíblíudrottununinni yfir sannfæringu og samvirkum manna, og finnst, sem eðlilegt er, hann vera vel lúterskur og sannkristinn maður samt sem áður.

En þá var höf. fyrir skömmu kominn að heiman, og eins